



STEFNA UM TILKYNNINGU HÆTTUÁSTANDS

Stefna þessi á við um Alcoa um allan heim og öll dótturfyrirtæki þess, hlutdeildarfélag, samstarfsaðila, áhættufyrirtæki og önnur viðskiptatengsl sem eru undir virkri stjórn Alcoa, beint eða óbeint (saman nefnt „fyrirtækið“) og alla stjórnarmenn, stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins.

Fyrirtækið hefur innleitt áætlun um áhættustjórnun (Crisis Management Plan) til þess að vera tilbúið ef atburðir gerast varðandi fyrirtækið sem geta valdið eða stofnað í mikla hættu mannauði, hugbúnaði, fjármálum, eignum, stjórnarmönnum, helstu stjórnendum, opinberum talsmönnum og starfsmönnum („starfsmönnum“) fyrirtækisins eða orðspori þess („atvik“). Það þarf að tilkynna til viðbragsteymis Alcoa (Alcoa Crisis Response Team, CRT) um öll skráningarskyld atvik (sem eru skilgreind hér fyrir neðan) þannig að hægt sé að bregðast við þeim í samræmi við áætlunina.

Skilgreiningar:

Tilkynningarskyld atvik (eins og þau eru skilgreind í áætluninni):

- Stórslys (Mass Casualty): Margir starfsmenn Alcoa eru fluttir á sjúkrahúss til skoðunar eða meðferðar.
- Tölvuárás eða tölvuöryggisbrestur: Tölvuárásaratvik sem hefur veruleg áhrif á tölvuvélbúnað Alcoa, hugbúnað og gögn.
- Náttúruvá: Náttúruvá (fellibylur, jarðskjálfti, flóð, hriðarbylur) eða annað ófyrirsjáanlegt atvik (efnaleki, eldsvoði) sem veldur eða gæti valdið:
 - Rýmingu á starfsstöð Alcoa eða í nánasta umhverfi hennar;
 - Meiri háttar truflun á starfsemi; eða
 - Talsverðum skaða á heilsu manna eða umhverfinu.
- Rafmagnsleysi með meiri háttar afleiðingum: Sérhver rafmagnsbilun sem leiðir til meiri háttar truflana á rekstri.
- Meiri háttar atvik ótengd afbrotastarfsemi: Mótmæli, óvænt verkfall, þ.m.t. lokun vinnusvæðis, meiri háttar hættuviðvörðun eða viðvörðun um heimsfaraldur; eða þjóðfélags- eða stjórnmálalegur órói.
- Afbrotastarfsemi sem er aðkallandi eða veldur neyðarástandi: Sprengihótun, mannrán, skotárás eða annar meiri háttar ofbeldisverknaður. Hringið umsvifalaust í neyðarnúmer í ykkar landi: **(BNA/Kanada 911, Evrópa 112, Bretland 999, Ástralía 000, Brasilía 190, Gínea 122, Sáði-Arabía 999)** og tilkynnið glæpinn til staðaryfirvalda. Hringið ekki í neyðarlínu Alcoa (Crisis Hotline) fyrr en staðaryfirvöld hafa brugðist við og starfsstöðin er örugg.
- Aðkallandi lögsókn: Húsleitarheimildir eða handtökuskipanir tengdar Alcoa. **ATH.:** Þegar einstaklingur hringir í NGS (verktaka Alcoa í öryggismálum), ætti hann að segja þeim sem svarar símanum að málið tengist opinberri rannsókn.
- Rýming: Sérhverjar kringumstæður sem kalla á rýmingu starfsmanna Alcoa á sérstökum stað eða svæði í heiminum vegna ófyrirsjáanlegs neyðarástands.
- Aðgerðir öfgasinna: Sérhver hryðjuverkastarfsemi sem beinist að Alcoa eða starfsmönnum fyrirtækisins, beint eða óbeint.
- Víðtækar upplýsingar til almennings: Skýrslur eða athugasemdir sem gagnrýna starfsemi eða rekstur Alcoa, frá fréttamönnum hjá áhrifamiklum fréttamiðlum, opinberum embættismönnum eða samfélaginu sem gætu valdið umtalsverðum skaða á orðspori fyrirtækisins.
- Óvissa vegna stjórnanda: Skyndilegt fráfall eða alvarlegt slys eða veikindi hjá einum eða fleiri lykilstjórnendum fyrirtækisins.
- Önnur umtalsverð atvik eða hugsanleg atvik: Sérhver önnur atvik sem gætu haft meiri háttar áhrif á Alcoa.



STEFNA UM TILKYNNINGU HÆTTUÁSTANDS

Kröfur:

Forstjóri (CEO) Alcoa ber ábyrgð á öllum viðbrögðum fyrirtækisins við hættuástandi sem hefur áhrif á fyrirtækið. Honum eða henni til aðstoðar hefur aðallögfræðingur Alcoa (General Counsel) sett á stofn viðbragðsteymi (Crisis Response Team eða CRT) , sem er fastanefnd háttsettra stjórnenda fyrirtækisins. Þeir eru fulltrúar ýmissa sviða hjá fyrirtækinu sem eru mikilvæg til þess að bregðast við flestum, ef ekki öllum, tegundum hættuástands sem tengist Alcoa.

Allir starfsmenn skulu tilkynna tilkynningarskyld atvik til framkvæmdastjórnar sinnar starfsstöðvar. Framkvæmdastjórn starfsstöðvar skal tilkynna um atvikið eins fljótt og hægt er (og helst umsvifalaust) til viðbragðsteymis (CRT) með því að hringa í neyðarsíma NGS (NGS Crisis Hotline) og veita allar nauðsynlegar upplýsingar um atvikið.

1-412-535-5194 og/eða +44 203 745 2579

Listinn yfir tilkynningarskyld atvik er ekki tæmandi og nær ekki yfir alla mögulega hættu. Ef þú ert í vafa um hvort mál eða atvik ætti að tilkynna samkvæmt stefnu þessari, þá er betra að hafa vaðið fyrir neðan sig og tilkynna atvikið.